



# REKSTRARLEYFI

Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.

Leyfishafi: Hábrún hf.  
Starfsstöð: Skutulsfjörður Ísafjarðardjúpi  
Kennitala: 450314-0640  
Aðsetur: Stekkjargötu 11  
410 Hnífsdalur  
Rekstrarleyfisnúmer: FE-1140  
Leyfið gildir til: 10.12.2036

## Starfsemi:

AE 3 - Regnbogasilungur / *Oncorhynchus mykiss*

AE 4 - Þorskur / *Gadus morhua*

## Í gildi frá:

10.12.2020

10.12.2020

Sjókvíaeldi án kynslóðaskipta í Skutulsfirði Ísafjarðardjúpi. Hámarkslífmassi 700 tonn, þar af 650 tonn regnbogasilungur og 50 tonn þorskur.

Regnbogasilungur: Danmörk. Þorskur: villtur.

Eldissvæði 1 (yst), 2 (miðja) og 3 (innst). Eldi fer þannig fram að fiskur er alinn á tveimur eldissvæðum í einu og eitt eldissvæði er í hvíld.

## Svæði

## Punktur

Eldissvæði 1

1. 66° 06.172'N 23° 06.069'W, 2. 66° 06.116'N 23° 05.230'W,  
3. 66° 05.710'N 23° 05.458'W, 4. 66° 05.767'N 23° 06.287'W,

Eldissvæði 2

1. 66° 05.710'N 23° 05.458'W, 2. 66° 05.767'N 23° 06.287'W,  
3. 66° 05.360'N 23° 06.513'W, 4. 66° 05.301'N 23° 05.693'W,

Eldissvæði 3

1. 66° 05.360'N 23° 06.513'W, 2. 66° 05.301'N 23° 05.693'W,  
3. 66° 04.890'N 23° 05.929'W, 4. 66° 04.936'N 23° 06.734'W,

Rekstrarleyfið er gefið út miðað við fyrirliggjandi mat Hafrannsóknastofnunar á burðarþoli og áhættumati vegna erfðablöndunar. Heimilt er að endurskoða forsendur leyfisins ef breytingar verða á burðarþolsmati og/eða áhættumati Hafrannsóknastofnunar.

Rekstrarleyfið er bundið við, komi til þess að eldið sé stundað samhliða eldi annarra aðila, að leyfishafi lýsi yfir að hann viðhafi samræmda útsetningu seiða og hvíld eldissvæða innan sjókvíaeldissvæðis. Jafnframt er rekstrarleyfið bundið við að leyfishafi vinni, í slíkum tilvikum og eftir atvikum, með öðrum leyfishöfum sameiginlega að sjúkdómavörnum, viðbrögðum við sjúkdómum og vöktun laxalúsar.

Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar. Útsetning seiða á eldissvæði skal taka mið af umhverfisaðstæðum eldissvæðisins á hverjum tíma.

Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slýsasleppinga sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem hefur ástæðu til að ætla að hann hafi misst eldisfisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga.

Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og eldissvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.

Gildistaka rekstrarleyfis er háð úttekt Matvælastofnunar. Gildistaka rekstrarleyfis sjókvíaeldis er háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvarskirteini útgefnu af faggiltri skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð áður en rekstur hefst.

Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 1254/2008 (sem innleiðir tilskipun 2006/88/EB) um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum og ber rekstrarleyfishafa uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.



Erna Karen Óskarsdóttir

Erna Karen Óskarsdóttir, fagsviðsstjóri fiskeldis